

48. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar þriðjudaginn 31. janúar 2012, kl. 15:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Bréf frá Rarik dags. 20. janúar 2012**
- 2. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvar**
- 3. Skólahreysti dags. janúar 2012**
- 4. Erindi um dreifnám í heimabyggð dags. 19. janúar 2012**
- 5. Bréf frá Jafnréttisstofu dags. 16. janúar 2012**
- 6. Bréf frá Íshokkísambandi Íslands dags. 17. janúar 2012**
- 7. Bréf frá Félagi eldri borgara á Blönduósi dags. 15. janúar 2012**
- 8. Bréf frá Saman – hópnum dags. 13. janúar 2012**
- 9. Bréf frá Siglingastofnun frá 9. janúar 2012**
- 10. Bréf frá Jónasi Skaftasyni frá 5. janúar 2012**
- 11. Bréf frá Kristjáni Stefánssyni hrl. frá 5. desember 2012**
- 12. Bréf frá Horsens dags. 5. janúar 2012**
- 13. Bréf frá Hollvinasamtökum HSB frá 17. janúar 2012**
- 14. Gjaldskrá fyrir hunda-og kattahald í Blönduósbæ**
- 15. Bréf frá Óbyggðanefnd dags. 18. janúar 2012**
- 16. Önnur mál**

Afgreiðslur:

- 1. Bréf frá Rarik dags. 20. janúar 2012**

Viðhaldsgjald götulýsingar hækkaði um 7,5% um síðustu áramót, um leið og verðskrá Rarik fyrir dreifingu hækkaði. Til viðbótar þeirri hækkun hefur verið ákveðið að hækka viðhaldsgjaldið aftur um 7,5% þann 1. júlí 2012. Vegna áformaðra hækkana hefur Rarik ákveðið að bjóða veghöldurum, sem þess óska, að yfirtaka rekstur götuljósa og sjá um hann sjálfir.

Bæjarstjóra falið að afla upplýsinga um hvernig önnur sveitarfélög ætla að bregðast við erindinu.

- 2. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvar**

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi viðbætur við gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar:

Þreksalur

- *Stakur tími skólaverð (14-16 ára)/eldri borgarar/öryrkjar – 440 kr.*
- *10 tíma kort skólaverð (14-16) ára/ eldri borgarar/öryrkjar – gildir í eitt ár – 3.990 kr.*
- *Mánaðarkort skólaverð (14-16 ára)/eldri borgarar/öryrkjar – 4.750 kr.*
- *3 mánaðakort skólaverð (14-16 ára)/eldri borgarar/öryrkjar – 10.400 kr.*
- *6 mánaðakort skólaverð (14-16)/eldri borgarar/öryrkjar – 13.300 kr.*
- *Árskort, skólaverð (14-16 ára)/eldri borgarar/öryrkjar – 25.200 kr.*
- *Árskort hjóna eldri borgarar/öryrkjar – 40.250 kr.*

Íþróttasalur

- *Blak konur stakir tímar (1 ½ klst.) – 670 kr.*
- *Blak konur fyrirframgreitt fyrir tímabilið janúar-maí. Einusinni í viku 6000 kr.*

3. Skólahreysti dags. janúar 2012

Óskað er eftir fjárstuðningi að upphæð kr. 50.000.

Bæjarráð hafnar erindinu en í framtíðinni verði ákvörðun um þátttöku og kostnað sem af henni kann að hljóta í höndum skólayfirvalda.

4. Erindi um dreifnám í heimabyggð dags. 19. janúar 2012

Guðjón Ólafsson, fræðslustjóri og Selma Svavarsdóttir boða til samráðsfundar mánudaginn 6. febrúar 2012 kl. 15:00 í Bjarmanesi á Skagaströnd.

Bæjarráð samþykkir að fara þess á leit við Ágúst Þór Bragason og Auðun Stein Sigurðsson að þeir mæti fyrir hönd sveitarfélagsins.

5. Bréf frá Jafnréttisstofu dags. 16. janúar 2012

Í ágúst 2011 óskaði Jafnréttisstofa eftir að fá afhenta jafnréttisáætlun Blönduósbæjar. Jafnréttisáætlun Blönduósbæjar var samþykkt á árinu 2006. Í áætluninni er vísað til jafnréttislaga sem felld voru úr gildi með lögum nr. 10/2008. Blönduósbær ber að gera nýja jafnréttisáætlun á grunni gildandi jafnréttislaga.

Bæjarráð felur jafnréttisnefnd að vinna að málinu.

6. Bréf frá Íshökkísambandi Íslands dags. 17. janúar 2012

Landslið kvenna í Íshökkí hefur nú verið valið og er liðið á leið til Seúl í Suður-Kóreu þar sem það tekur þátt í heimsmeistarakeppni í II deild. Blönduósingurinn Guðlaug Þorsteinsdóttir er hluti af landsliði Íslands.

Bæjarráð óskar Guðlaugu Ingibjörgu Þorsteinsdóttur innilega til hamingju með þennan árangur.

7. Bréf frá Félagi eldri borgara á Blönduósi dags. 15. janúar 2012

Félag eldri borgara á Blönduósi óskar eftir að Blönduósbær sjái um rekstur á þúttvelli eldri borgara sem staðsettur er fyrir ofan Flúðabakkann.

Bæjarráð felur tæknideild að skilgreina og kostnaðarmeta verkefnið.

8. Bréf frá Saman – hópnum dags. 13. janúar 2012

Óskað er eftir fjárstuðningi við forvarnarstarf Saman-hópsins á árinu 2012.

Bæjarráð hafnar erindinu en bæjarráð fer fram á það að styrkumsóknir séu sendar sveitarfélaginu eigi síðar en 1. nóvember ár hvert vegna fjárhagsáætlunargerðar.

9. Bréf frá Siglingastofnun frá 9. janúar 2012

Siglingastofnun hefur gefið út yfirlitsskýrslu um sjóvarnir. Í skýrslunni kemur fram að það standi til að endurbyggja sjóvörn móts við Brimslóð 2-8, þörf á nýrri eða styrkingu á eldri sjóvörn við ós Blöndu, óseyrin að norðan, og að sjóvörnin við Hafnarbraut og Ægisbraut verði endurbyggð. Þessi áform eru í forgangi C í skýrslu Siglingastofnuna nema framkvæmdir við Hafnarbraut og Ægisbraut eru í forgangi B-C

10. Bréf frá Jónasi Skaftasyni frá 5. janúar 2012

Lagt fram til kynningar og bæjarstjóra falið að svara erindinu.

11. Bréf frá Kristjáni Stefánssyni hrl. frá 5. desember 2012

Lagt fram til kynningar og bæjarstjóra falið að svara erindinu.

12. Bréf frá Horsens dags. 5. janúar 2012

Borgin Horsens í Danmörku hefur sagt sig úr vinabæjarsamstarfi við Blönduósbæ, Moss Noregi, Karlstad Svíþjóð og Nokia Finnland vegna fjárhagsörðugleika.

Ljóst er að grundvallarbreyting hefur átt sér stað á vinabæjarsamtarfinu þar sem einn stærsti aðilinn hefur sagt sig úr samstarfinu. Bæjarráð telur því að samstarfinu á sviði ungmennamóta sé sjálfhætt að sinni. Bæjarráð vísar erindinu til frekari umfjöllunar til bæjarstjórnar.

13. Bréf frá Hollvinasamtökum HSB frá 17. janúar 2012

Óskað er eftir að fjárstuðningi til bæta tækjakost HSB. Augnlæknir fæst ekki lengur til að koma og veita Húnavetningum þjónustu sökum úrelts tæjabúnaðar. Jafnframt er þörf á að kaupa blöðruskanna.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að afla frekari upplýsinga og vinna að málinu.

14. Gjaldskrá fyrir hunda-og kattahald í Blönduósbæ

Lagðar fram til kynningar.

15. Bréf frá Óbyggðanefnd dags. 18. janúar 2012

Í lok árs 2011 ritaði óbyggðanefnd fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, bréf og veitti þar frest til 31. mars n.k. vegna krafna um þjóðlendur á Norðvesturlandi, Húnavatnssýslu vestan Blöndu ásamt Skaga(svæði 8 norður hjá óbyggðanefnd), væri um slíkar kröfur að ræða.

- Að austan afmarkast svæðið af Vestari-Héraðsvötnum þar til komið er að suðurmörkum fyrrum Staðarhrepps sem fylgt er til vesturs að suðurmörkum Blönduósbæjar. Þá er suðurmörkum Blönduósbæjar fylgt í Blöndu og henni fylgt til upptaka í Blöndujökli í Hofsjökli.
- Að sunnan afmarkast svæðið af suðurmörkum Húnavatnshrepps og suðurmörkum Húnaþings vestra.
- Að vestan afmarkast svæðið af vesturmörkum Húnaþings vestra.
- Að norðan afmarkast svæðið af hafi.

Langjökull verður tekinn fyrir í heild sinni með svokölluðu svæði 8 vestur, hjá óbyggðanefnd.

Sveitarfélög á svæðinu eru þessi: Sveitarfélagið Skagafjörður, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Blönduósbær, Húnavatnshreppur vestan Blöndu og Húnaþing vestra.

Bæjarstjóra falið að hafa samband við nágrannasveitarfélögin og tryggja að sveitarfélögin hafi samstarf að undirbúningi málsins. Bæjarstjóra falið að kynna málið fyrir landbúnaðarnefnd.

16. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:05

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)